

Fundur Öldungadeildar LÍ 6. mars 2019 í húsnæði LÍ að Hlíðarsmára 10, Kópavogi.

Kristófer Þorleifsson formaður Öldungadeildar setti fundinn eftir að gestir höfðu gætt sér á kaffi og vínarbrauði. Hann minntist tveggja félaga er látist hafa frá síðasta fundi, þeirra Gunnsteins Stefánssonar heilsugæslulæknis er lést 1. mars sl. sjötugur að aldri. Hann starfaði lengst af við heilsugæslu Hafnarfjarðar. Inger Nidsöe lyflæknir og öldrunarlæknir, sem lést 24. janúar sl. í Noregi 92 ára. Cand. Med. frá HÍ 1962 og starfaði síðan í Noregi. Fundarmenn heiðruðu minningu þessara collega með því að rísa úr sætum.

Formaður gat síðan fyrirhugaðrar skemmtiferðar ÖLÍ í Árneshrepp 22. ágúst nk. þar sem gist verður tvær nætur. Verð fyrir gistingu kr. 19900.- og kvöldverður kr. 4000 á mann. Nægilegt gistirými ætti að vera á hóteli í Djúpuvík og í nærliggjandi húsum. Þá gat hann fyrirbyggjandi tilboða frá ferðaskrifstofunni Transatlantic um hópferð ÖLÍ komandi haust til Serbíu og Króatíu annars vegar eða um Eystrasaltslönd, hvort tveggja á ásættanlegu verði. Málið er til nánari skoðunar og ákvörðunar stjórnar.

Þá gat formaður þess að á fundi ÖLÍ þann 10. apríl mun Jón Björnsson sálfræðingur verða fyrirlesari fundarins og ræða þjóðflutninga og endalok yfirráða Mára á Spáni. Síðasti fundur á vormisseri sem jafnframt verður 25 ára afmælisfundur Öldungadeildarinnar verður í lok maí. Verður sá fundur kynntur nánar þegar nær dregur, en meðal annars efnis mun Reynir Tómas Geirsson kvensjúkdómalæknir, prófessor emeritus kynna þar efni bókar sem Steinunn Sveinsdóttir eiginkona hans var langt komin að þýða er hún féll frá á liðnu ári. Reynir tók við þýðingunni en bókinn fjallar um Refillin fræga frá Bayeux sem varðveittur er í Frakklandi.

Því næst gaf formaður fyrirlesara dagsins, Hafsteini Sæmundssyni orðið. Hann gat þess að hann hafi lesið fornsögur frá barnæsku, legið yfir Sturlungu í ein 28 ár og stundað siglingar í 30 ár og kynnt sér siglingar á norðurhöfum, en fyrirlestur hans fjallar um Vínlandsferðir frá sjónarhóli siglingamanns.

Árin frá 800 – 1100 var loftslag á þessum slóðum hlýrra en fyrir og eftir þann tíma og minni ísmyndun við austur Grænland. Rakti H.S. síðan þær frásagnir sem skráðar hafa verið og telur lýsingarnar á gróðri o. fl. standast m. t. t. loftslags þessa tíma. Rakti fyrirlesari ferðir Bjarna Herjólfssonar, Leifs heppna, Þorvaldar víðförla og Þorfinns karlsefnis og rakti ferðir þeirra samkvæmt rituðum heimildum og með stoð af siglingatækni þess tíma, skoðun landshátta og þess sem þessir vesturfara sá eða sáu ekki skv. Heimildum. Færði hann trúverðug rök fyrir þessu öllu saman. Var lesturinn allur, sem mæltur var af munni fram, hinn skörulegasti og skemmtilegasti og fróðlegur í alla staði. Að lokum klöppuði fundarmenn fyrirlesara lof í lófa að verðleikum.

Formaður sleit síðan fundi og afhenti að síðustu fyrirlesara viðurkenningarskjal og bókindgjöf.

Jóhannes M. Gunnarsson, ritari